

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 19. febrúar kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 809.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig
Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Hildur Gunnarsdóttir, Birkir Ingibjartsson, Lilja
Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Ólafur Melsted.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Bárugata 14, Breyta og hækka mæni og útveggi** (11.362.21) Mál nr. BN058038
Skjalnr. 14209
Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta og hækka mæni og útveggi á þakrými þannig að fáiast portbyggð hæð í risi í húsi á lóð nr. 14 við Bárugötu, samkvæmt uppdr. Stáss arkitekta ehf. dags. 30. september 2020. Einnig eru lagðir fram eftirfarandi uppdr. Stáss arkitekta ehf.; götumynd og útlit húss ódags. og skuggavarp ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Friðriks Friðrikssonar dags. 18. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti.
Stækkun: 36.3 ferm., 181.9 rúmm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. október 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. nóvember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. nóvember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 10. mars 2021.
- Fossvogsvegur 8, breyting á deiliskipulagi** (01.849.2) Mál nr. SN210115
Skjalnr. 13951
Nýbraut ehf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík
Archus slf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 10. febrúar 2021 ásamt bréfi dags. 9. febrúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vigdísarlundar, reitur 1.849, vegna lóðarinnar nr. 8 við Fossvogsveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera niðurgrafna bílgeymslu lóð, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 9. febrúar 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
- Laugavegur 168-176, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN170017
Skjalnr. 13840
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Lagðir fram uppdrættir Yrki arkitekta ehf. dags. 1. febrúar 2021. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, þar sem gert er ráð fyrir að lóðin Laugavegur 176 verði nýtt undir gististarfsemi og verslun en aðrar lóðir á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem lóðir án heimilda. Forsendur varðandi frekar

uppbyggingu á reitnum hafa breyst á þann veg að ekki náðust samningar við lóðarhafa og eigendur fasteigna á lóðum við Laugaveg 168-174. Í ljósi þess hafa orðið umtalsverðar breytingar á skipulagstillögunni sem nú er lögð fram frá skipulagslýsingu og markmiðum þess að lútandi. Á lóðinni við Laugaveg 176 verður heimilt að rífa bakhús og byggja við núverandi byggingar, sjá nánar tillögu.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

4. Hrístateigur 15, málskot

(01.360.1)

Mál nr. SN210083
Skjalnr. 11447

Þórir J. Einarsson ehf., Hrístateigi 15, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lagt fram málskot Þóris Jósefs Einarssonar mótt. 29. janúar 2021 vegna afgreiðslu/niðurstöðu skipulagsfulltrúa frá 11. desember 2020 um að gera rishæð með kvistum á húsið á lóð nr. 15 við Hrístateig, setja nýjar svalir á 1. og 2. hæð á suður og vesturhlið hússins, svalir á rishæð og gera útgang út í garð úr kjallara á suðurhlið. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

5. Marargata 7, (fsp) bílastæði á lóð

Mál nr. SN210125
Skjalnr. 12403

Magnús Helgi Árnason, Marargata 7, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Helga Árnasonar dags. 15. febrúar 2021 um að setja tvö bílastæði á lóð nr. 7 við Marargötu. Einnig er lagður fram tölvupóstur Magnúsar Helga Árnasonar dags. 16. febrúar 2021 þar sem til vara er óskað eftir því að setja eitt bílastæði á lóð.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

6. Safamýri 41, (fsp) rífa niður bílskúra á lóð og byggja nýja

(01.281.4)

Mál nr. SN210072
Skjalnr. 13614

Alexander Angelo Tonini, Safamýri 41, 108 Reykjavík

Kristinn Guðmundsson, Safamýri 41, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Alexanders Angelo Tonini og Kristins Guðmundssonar dags. 15. janúar 2021 um að rífa sambyggða bílskúra á lóð nr. 41 við Safamýri og byggja nýja í sömu mynd. Einnig er lögð fram skýrsla Balsa ehf. dags. 30. ágúst 2015 um ástand bílskúrana og ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

7. Skerjafjörður Þ5, deiliskipulag

Mál nr. SN170833
Skjalnr. 5201

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 700 íbúða, leikskóla, grunnskóla, bílageymsluhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýjum vegtengingum til austurs, suður fyrir Reykjavíkurlugvöll, sem er eingöngu ætluð almenningssamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Einnig eru lagðir fram deiliskipulags-, skýringar- og skuggavarsuppd. ASK Arkitekta, EFLU og Landslags dags. 26. júní 2020, greinargerð og almennir skipulagsskilmálar dags. 26. júní 2020, sérskilmálar dags. 26. júní 2020, hönnunarleiðbeiningar dags. 26. júní 2020, skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 161 frá 2013 (byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun), drög að skýrslu

Borgarsögusafns Reykjavíkur nr. 204 frá 2020 (fornleifaskrá og húsakönnun), fjórir undirritaðir samningar: samkomulega um skipulag og uppbygging á landi ríkisins við Skerjafjörð dags. 1. mars 2013, samkomulag um endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkurflugvelli dags. 19. apríl 2013, samkomulag um innanlandsflug dags. 25. október 2013, kaupsamningur og afsal í framhaldi af formlegri lokun ríkisins á norður/suður og austur/vestur flugbrautar (braut (06/24) á Reykjavíkurflugvelli dags. 11. ágúst 2016, skýrsla NLR dags. í ágúst 2020 varðandi vindrannsóknir í Nýja Skerjafirði og áhrif þéttingu byggðar á aðstæður á Reykjavíkurflugvelli og minnisblað Isavia dags. 16. september 2020 um vindáhrif nýrrar byggðar í Skerjafirði á Reykjavíkurflugvöll. Jafnframt eru lögð fram ítargögn: skýrsla Eflu um jarðkönnun og mengunarrannsóknir í jarðvegi skerjafjarðar dags. 29. janúar 2019, skýrsla Eflu um hljóðvist dags. 12. september 2019, samgöngumat Eflu dags. 26. júní 2020, skýrsla Eflu um vindgreiningu dags. 7. janúar 2020, minnisblað Eflu vindgreining - viðauki A dags. 16. júní 2020, minnisblað Eflu Vindgreining - viðauki B dags. 26. júní 2020 og minnisblað Eflu vegna færslu skipulagsmarka (áhrif færslu skipulagsmarka á umferð, hljóðvist og vindafar) dags. 26. júní 2020. Tillagan fellir úr gildi eldra deiliskipulag frá 16. janúar 1986, br. 1999. Tillagan var auglýst frá 16. september 2020 til og með 9. nóvember 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Siglingafélag Reykjavíkur Brokey dags. 31. ágúst 2021, Isavia dags. 21. október 2020, Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna dags. 26. október 2020, Eyjólfur Gunnarsson, Margrét Gunnarsdóttir, Gunnar Trausti Eyjólfsson, Atli Már Eyjólfsson og Magnús Daði Eyjólfsson dags. 27. október 2020, Ásta Logadóttir, Örn Þór Halldórsson, Hjördís Sóley Sigurðardóttir og Ólafur Hjálmarsson f.h. áhugafólks um gæði dagsljóss í byggðu umhverfi dags. 27. október 2020, Samgöngustofa dags. 28. október 2020, Flugfélagið Geirfugl ehf. dags. 28. október 2020, Hildur Hjartardóttir og Sigurður Jens Sæmundsson dags. 28. október 2020, Jens Pétur Jensen dags. 28. október 2020, Guðjón B. Haraldsson dags. 28. október 2020, Daníel B. Sigurgeirsson, Elín Björk Jónasdóttir, Sigurdís Björg Jónasdóttir og Birgir Arnór Birgisson dags. 28. október 2020, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir dags. 28. október 2020, Sigríður Ragna Sigurðardóttir dags. 28. október 2020, Prýðisfélagið Skjöldur dags. 28. október 2020, Ester Helgadóttir dags. 28. október 2020, Patricia Anna Þormar og Hannes Árdal dags. 28. október 2020, Kristján Ívar Ólafsson og Heba Helgadóttir dags. 28. október 2020, Guðrún Dóra Steindórsdóttir dags. 28. október 2020, Aðalheiður M. Steindórsdóttir, Helga Árnadóttir Ingvi Hrafn Óskarsson, Úlfur Eldjárn, Sara Skúladóttir og Stefán Halldórsson dags. 28. október 2020, Steinunn María dags. 28. október 2020, Páll Rafnar Þorsteinsson dags. 28. október 2020, Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 9. nóvember 2020, Veitur dags. 19. nóvember 2020, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 23. nóvember 2020, Veðurstofan dags. 23. nóvember 2020 og Vegagerðin ódags. mótt. 7. desember 2020. Einnig er lagt fram bréf íbúaráðs Vesturbæjar dags. 22. október 2020 þar sem óskað er eftir kynningu og tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 10. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Jafnframt er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 21. desember 2020 ásamt ákvörðun um matsskyldu vegna landfyllingar í Nýja Skerjafirði og minnisblað Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 27. janúar 2021 um flutning á aðstöðu siglingaklúbbs og mögulega smábátahöfn í Skerjafirði, umsögn Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2021 og skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur nr. 204, fornleifaskrá og húsakönnun, dags. árið 2021.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Fálkagata 9, (fsp) stækka svalir** (01.554.2) Mál nr. SN210110
Skjalnr. 10898
Anna Björk Einarsdóttir, Fálkagata 9, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Önnu Bjarkar Einarsdóttur dags. 2. september 2021 um að stækka svalir hússins á lóð nr. 9 við Fálkagötu sem felst í að lengja þær um 90cm sitthvoru megin og dýpka þær um 40cm-50cm þannig að lengd þeirra yrði 4,8m og dýpt 1,6-1,7m. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.
9. **Kirkjuteigur 5, (fsp) skipting lóðar** (01.360.5) Mál nr. SN210041
Skjalnr. 14402
Sverrir Bollason, Glæsibær 11, 110 Reykjavík
VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sverris Bollasonar dags. 15. janúar 2021 um skiptingu lóðarinnar nr. 5 við Kirkjuteig í tvær lóðir og byggja einbýlishús á hinn útskiptu lóð sem gæti fengið heimilisfangið Hrístateigur 2. Einnig er lagt fram bréf VSÓ Ráðgjafar ehf. dags. 13. janúar 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Laugardalur - austurhluti, breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa** (01.39) Mál nr. SN200070
Skjalnr. 5451
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Lilju Sigrúnar Jónsdóttur f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 2. apríl 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Tillagan var auglýst frá 4. mars 2020 til og með 29. apríl 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar/umsögn: Frímenn Ari Ferdinandsson f.h. stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur dags. 2. apríl 2020, Einar Símonarson dags. 8. apríl 2020, Vilborg Traustadóttir dags. 8. apríl 2020, Friðjón Sigurðarson framkvæmdastj. þróunarsviðs f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 8. apríl 2020, Katrín Þóra Jónsdóttir dags. 8. apríl 2020, Ingibjörg Júlíusdóttir dags. 9. apríl 2020, Sigrún Böðvarsdóttir dags. 9. apríl 2020, Pálmi Símonarson dags. 9. apríl 2020, Sigríður Ragnarsdóttir dags. 9. apríl 2020, Vilhjálmur Hallgrímsson dags. 9. apríl 2020, Kristín Sigurðardóttir dags. 11. apríl 2020, Raj K. Bonifacius, Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur, dags. 12. apríl 2020, Freyr Ólafsson f.h. stjórnar FRÍ dags. 13. apríl 2020, Ingvar Garðarson dags. 13. apríl 2020, Ingunn Ásta Sigmundsdóttir dags. 13. apríl 2020, Smári Hrólffson dags. 13. apríl 2020, Skúli Víkingsson dags. 14. apríl 2020, Ingibjörg Kaldal dags. 14. apríl 2020, Dagný Hrönn Ásgeirsdóttir dags. 14. apríl 2020, Natalia Teran Garcia dags. 14. apríl 2020, Daníel Ingvarsson dags. 14. apríl 2020, Finnogi Hilmarsson f.h. stjórnar Knattspyrnufélags Þróttar dags. 14. apríl 2020, Sólbjört Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020, Magnús Grétarsson dags. 14. apríl 2020, Daníel Oddsson dags. 14. apríl 2020, Margrét Jóhanna Jóhannsdóttir dags. 14. apríl 2020, Halla Björgvinsdóttir dags. 14. apríl 2020, Erla Kristín dags. 14. apríl 2020, Ásdís Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020, Halla Sverrisdóttir dags. 14. apríl 2020, Árni Jónsson dags. 14. apríl 2020, Lárus Kjartansson dags. 14. apríl 2020, Gyða Karlsdóttir dags. 14. apríl 2020, Drífa Ósk Sumarliðadóttir dags. 14. apríl 2020, Ásthildur Gunnarsdóttir dags. 14. apríl 2020, Bergþóra Karen Ketilsdóttir dags. 14. apríl 2020, Eva Arnarsdóttir dags. 14. apríl 2020, Elísabet Magnúsdóttir dags. 14. apríl 2020, Donna Kristjana dags. 14. apríl 2020, Jón Ágúst Eiríksson dags. 14. apríl 2020, Sigurður Schram dags. 15. apríl 2020, Erna Kristín Ernudóttir dags. 15. apríl 2020,

Helgi Björnsson dags. 15. apríl 2020, Björn Bragi Bragason dags. 15. apríl 2020, Valdís Sigurþórsdóttir dags. 15. apríl 2020, Jesús Munguía dags. 15. apríl 2020, Þórdís Vala og fjölskylda dags. 15. apríl 2020, Bryndís Guðmundsdóttir dags. 16. apríl 2020, Aðalheiður Svanhildardóttir dags. 20. apríl 2020, Hafdís Ósk Sigurðardóttir dags. 20. apríl 2020, Ingunn Nielsen dags. 26. apríl 2020, Jón Hafsteinn Jóhannsson dags. 29. apríl 2020, Benedikt Þór Jóhannsson dags. 29. apríl 2020, Sigrún Sif Jónsdóttir dags. 29. apríl 2020, Una Nielsdóttir Svane dags. 29. apríl 2020, Veitur dags. 29. apríl 2020, Lilja Sigrún Jónsdóttir f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 29. apríl 2020 og 3. júní 2020, Arnfríður Inga Arnmundsdóttir dags. 29. apríl 2020, Rósa Björk Sveinsdóttir dags. 6. maí 2020, Arna María Gunnarsdóttir dags. 8. maí 2020, Sigríður Oddsdóttir dags. 8. maí 2020, Edda Huld Sigurðardóttir dags. 8. maí 2020, Stefanía dags. 9. maí 2020, íbúaráð Laugardals dags. 12. maí 2020, Lilja Una Óskarsdóttir dags. 28. maí 2020, Karl Gunnarsson dags. 28. maí 2020, Sigbór Hjartarson dags. 28. maí 2020, Ásthildur Björgvinsdóttir dags. 31. maí 2020 og Guðrún Harðardóttir og Anna Gígja Kristjánsdóttir fulltrúar Grímufélagsins Ármanns, Skautafélags Reykjavíkur - listhlaupadeild, Knattspyrnufélags Þróttar, Tennis- og Badmintonfélags Reykjavíkur og Borðtennisdeildar Víkinga dags. 2. júní 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

11. **Pósthússtræti 3 og 5, (fsp) breytingu á** (01.140.3) Mál nr. SN210015
deiliskipulagi Skjalnr. 5892

THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2021 um breytingu á deiliskipulagi kvosarinnar vegna lóðanna nr. 3 og 5 við Pósthússtræti sem felst í sameiningu lóðanna vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við Pósthússtræti 5 sem að hluta til verður staðsett á lóð Pósthússtrætis 3. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

12. **Ásvallagata 31, Svalir 1. 2. og 3.hæð** (11.622.03) Mál nr. BN058816
Skjalnr. 14418

Ásvallagata 31, húsfélag, Ásvallagötu 31, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera svalir á suðurhlíð 1. 2. og 3. hæðar og síkka glugga til að koma fyrir svalahurðum á íbúðarhúsi á lóð nr. 31 við Ásvallagötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2021.

Gjald kr. 12.100

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2021 samþykkt.

13. **Brautarholt 26-28, Breytingar á gistiheimili** (12.501.03) Mál nr. BN058760
Skjalnr. 9719

Karl Mikli ehf., Vesturási 48, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053595 þannig að í stað gistiheimilis verða 24 íbúðir í húsi á lóð nr. 26-28 við Brautarholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. mars 2017. Gjald kr. 12.100

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

14. **Háteigsvegur 48, (fsp) gera aðgengi frá miðhæð út í garð** (01.27) Mál nr. SN210102
Skjalnr. 14413
Gunnlaugur Þór Briem, Háteigsvegur 48, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Höllu Kolbeinsdóttur og Gunnlaugs Þórs Briem dags. 2. febrúar 2021 um að gera aðgengi frá suðvesturhorni miðhæðar hússins á lóð nr. 48 við Háteigsveg út í garð, samkvæmt frumdrögum Trípólí Arkitekta ehf. dags. 4. janúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021 samþykkt.
15. **Hofsvallagata 55, (fsp) - Breyta í tvær íbúðir** (15.430.02) Mál nr. BN058847
Skjalnr. 11740
Edda Arnljótsdóttir, Hofsvallagata 55, 107 Reykjavík
Ingvar Eggert Sigurðsson, Hofsvallagata 55, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2021 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að fjölga eignum með því að breyta íbúð 0201, sem er á tveimur hæðum, í tvær íbúðir í fjölbýlishúsi á lóð nr. 55 við Hofsvallagötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.
16. **Klapparás 9, Sólskáli, nýr gluggi og áður gerða rými (stækkun)** (43.750.02) Mál nr. BN058821
Skjalnr. 14419
Hrafnkell Kárasen, Klapparás 9, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólskála á vesturhlíð, stækka glugga á norðurhlíð, auk áður gerðra framkvæmda sem eru þær að búið er að taka í notkun óútgráfin rými og setja á þau glugga og hurðir, á húsi á lóð nr. 9 við Klapparás. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.
Stærð á sólstofu: 13,5 ferm., XX rúmm. Óútgröfðu rýmin eru: XX ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.
17. **Laufásvegur 50, Viðbygging, þaksvalir o.fl.** (11.855.03) Mál nr. BN058527
Skjalnr. 14279
Hlynur Hreinsson, Laufásvegur 50, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að stækka anddyrisviðbyggingu, byggja einnar hæðar viðbyggingu garðmegin, hækka þak og breyta kvistum, gera þaksvalir á báðum viðbyggingum, endureinangra hús að innan og breyta innra skipulagi og einangra og klæða skúr að utan og færa innkeyrslu/bílastæði suður fyrir hús á lóð nr. 50 við Laufásveg. Erindi var grenndarkynnt frá 19. janúar 2021 til og með 16. febrúar 2021. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagður fram tölvupóstur Flosa Kristjánssonar f.h. húseigenda að Laufásvegi 48 dags. 21. janúar 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2020, bréf hönnuðar dags. 24. nóvember 2020, samþykki næstu nágranna áritað á skissur, umsögn Minjastofnunar dags. 3. nóvember 2020 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 7. desember 2020. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. desember 2020, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. desember 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2020. Stækkun: 80 ferm., 241,8 rúmm.
Samtals á lóð eftir stækkun: 250,5 ferm., 750,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

18. **Smiðshöfði 1, staðsetning ökutækjaleigu** (04.061.1) Mál nr. SN210131
Skjalnr. 9911
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 16. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Arnars Ómarssonar f.h. Circle Car Rental ehf. um að reka ökutækjaleigu að Smiðshöfða 1. Sótt er um leyfi fyrir 10 ökutækjum í útleigu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021 samþykkt.
19. **Ægisgata 7, (fsp) breyting á notkun** (01.132.0) Mál nr. SN210124
Skjalnr. 10145
M3 fasteignaþróun ehf., Öldugötu 27, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn M3 fasteignaþróunar ehf. dags. 14. febrúar 2021 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 7 við Ægisgötu sem felst í að breyta iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði, samkvæmt tillögu Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. og M3 fasteignaþróunar ehf. dags. 12. febrúar 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Geirsgata 11, starfsleyfi - ósk um umsögn** (01.117.2) Mál nr. SN210118
Skjalnr. 5998
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar dags. 10. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Rafnar ehf. um starfsleyfi fyrir nýja starfsemi á lóð nr. 11 við Geirsgötu. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag svæðisins. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.
21. **Haukahlíð 2, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.627.4) Mál nr. SN210123
Skjalnr. 13934
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
S8 ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 12. febrúar 2021 ásamt bréfi ódags. um breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 2 við Haukahlíð sem felst í breytingu á landnotkun og uppbyggingu íbúðarbyggðar, samkvæmt tillögu ASK Arkitekta ehf. ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Heiðargerði 11, Yfirbyggðar svalir - áður gert og nýjar svalir** (18.010.06) Mál nr. BN058581
Skjalnr. 13618
Óli Ragnar Gunnarsson, Heiðargerði 11, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem er viðbygging ofan á svalir og jafnframt er sótt um nýjar svalir á 2. hæð suðvesturhlíðar, á húsi á lóð nr. 11 við Heiðargerði. Samþykki nágranna Heiðargerði nr. 3 og 11 fylgir erindi ódags. Erindi fylgir bréf hönnuðar um ástand vegna leka og yfirbyggingu svara dags. 20. desember 2020. Bréf hönnuðar dags. 25. janúar 2021. Stækkun 13,5 ferm., 37,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Hraunbær 143, Þrjú fjölbýlishús** (43.412.01) Mál nr. BN058735
Skjalnr. 14316

Húsvirki ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja þrjú fjölbýlishús með samtals 58 íbúðum, mhl.01, 4-5 hæða auk kjallara, með 31 íbúðum, mhl.02, 2ja hæða með 4 íbúðum og mhl.03, 3-4 hæða auk kjallara, með 23 íbúðum, auk sorpskýlis, mhl.04, á lóð nr. 143 við Hraunbæ. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.

Stærðir: Mhl.01: 3.606.9 ferm., 11.298.3 rúmm. Mhl.02: 682.6 ferm., 2.246.4 rúmm. Mhl.03: 2.219.8 ferm., 6.926.6 rúmm. Mhl.04: 20.0 ferm., 55.2 rúmm. Erindi fylgir lóðauppdráttur 4.341.2 dags. 9. maí 2019, hæðablað 4.341.2-B5 dags. 28. október 2020 og varmatapsútreikningar dags. 16. janúar 2020.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021. Samræmist ekki deiliskipulagi.

24. **Kleifarvegur 12, Stækka stofu út á svalir -** (13.804.02) Mál nr. BN058529
op í vegg Skjalnr. 14374

Eyjólfur Reynisson, Kleifarvegur 12, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka stofu á kostnað svara, bæta við glugga á suðurhlíð og fjarlægja burðarvegg að hluta í íbúð 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 12 við Kleifarveg.

Stækkun: 7.0 ferm., 18.9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlýsing burðarvirkishönnuðar sem afrit af tölvupósti dags. 6. nóvember 2020 og samþykki eigenda íbúðar 0001 dags. 18. nóvember 2020 og yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum 16. júlí 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2021. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Kleifarvegi 10, 13, 14 og 15 og Laugarásvegi 15 og 21.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

25. **Langagerði 128, (fsp) stækkun húss og** (01.833.1) Mál nr. SN170514
bílastæði á lóð Skjalnr. 13754

Þórey Ólöf Gylfadóttir, Langagerði 128, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2017 var lögð fram fyrirspurn Þóreyjar Ólafar Gylfadóttur og Jóns Hallsteins Hallssonar, mótt. 19. júní 2017, um að stækka húsið á lóð nr. 128 við Langagerði og bæta við bílastæði, samkvæmt uppdr. Kvarða, dags. júní 2017. Einnig lögð fram greinargerð umsækjenda, dags. 14. júní 2017. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. júní 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. febrúar 2021 samþykkt.

26. **Markarvegur 5, (fsp) breyting á** (01.846.3) Mál nr. SN210007
deiliskipulagi Skjalnr. 13768

Stefán Örn Stefánsson, Lynghagi 28, 107 Reykjavík

Argos ehf, Eyjarlóð 9, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Stefáns Arnar Stefánssonar dags. 5. janúar 2021 um breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands vegna lóðarinnar nr. 5 við Markarveg sem felst í stækkun hússins, samkvæmt uppdr. ARGOS ehf. dags. í október 2020. Einnig er lagður fram uppdr./afstöðumynd dags. í mars 2017.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

27. **Suðurfell - Þ67, (fsp) uppbygging** (04.680.4) Mál nr. SN200718
Skjalnr. 8937

Þórður Einarsson, Vesturberg 46, 111 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Þórðar Einarssonar dags. 21. nóvember 2020 um uppbyggingu lítils einbýlishúss á svæði merkt Þ67, Suðurfell. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

28. **Sæmundargata 15-19, breyting á** (01.631.3) Mál nr. SN210068
deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða Skjalnr. 13128

Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri
Fasteignafélagið Eyjólfur ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. febrúar 2021 var lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 25. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðarinnar nr. 15-19 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst að samsíðastæðum í Ingunnargötu er breytt í stæði hornrétt á akstursstefnu, samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

29. **Bergþórugata 18, (fsp) fjölbýlishús** (01.192) Mál nr. SN200762
Skjalnr. 14383

Landslagnir ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. desember 2020 var lögð fram fyrirspurn Landslagna ehf. dags. 2. desember 2020 um byggingu fjölbýlishúss á lóð nr. 18 við Bergþórugötu á tveimur hæðum með þremur íbúðum, samkvæmt uppdr. Arkþings/Nordic ehf. dags. 27. nóvember 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. janúar 2021. Jafnframt er lögð fram uppfærður uppdr./tillaga Arkþings/Nordic ehf. dags. 26. janúar 2021.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

30. **Hringbraut 48, (fsp) kvistur** (01.162.3) Mál nr. SN200792
Skjalnr. 14388

Þorgeir Jónsson, Laugarnesvegur 96, 105 Reykjavík
Hringbraut 48, húsfélag, Hringbraut 48, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Þorgeirs Jónssonar dags. 22. desember 2020 um að setja kvist á húsið á lóð nr. 48 við Hringbraut, samkvæmt uppdr. Arkitektastofu Þorgeirs dags. 25. júlí 2020. Einnig er lögð fram þrívíddarmynd ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

31. **Kamsvegur 27, (fsp) stækkun húss** (01.354.2) Mál nr. SN210112
Skjalnr. 12053

Jóhann Rúnar Kjartansson, Kamsvegur 27, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Jóhanns Rúnars Kjartanssonar dags. 9. febrúar 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 27 við Kamsveg, samkvæmt skissu ódags..

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

32. **Suðurgata 22, breyting á deiliskipulagi** (01.161.2) Mál nr. SN200639
Skjalnr. 6750

Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 102

Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Davíðs Kr. Pitt ark. dags. 12. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.161 vegna lóðarinnar nr. 22 við Suðurgötu. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit á baklóð (vesturhlið) ásamt aukningu á byggingarmagni og breytingu á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdr. Davíðs Kr. Pitt ark. dags. 12. desember 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 14. janúar 2021 til og með 11. febrúar 2021. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

33. **Urðarbrunnur 21, (fsp) einbýlishús** (05.053.6) Mál nr. SN210104
Skjalnr. 14416

K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Jóns Magnúsar Halldórssonar dags. 2. febrúar 2021 um að gera einbýlishús á lóð nr. 21 við Urðarbrunn með innbyggðri bílgeymslu á 2. hæð ásamt því að gera auka íbúð á neðri hæð sem er hluti af einbýlishúsinu (sérbyli), samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 2. febrúar 2021.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

34. **Vatnsholt 1, 1-3 - Fjölbýlishús - erindi** (12.546.04) Mál nr. BN058782
BN057880 dregið til baka Skjalnr. 14420

Leigufélag aldraðra hses., Nönnubrunni 1, 113 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvö þriggja hæða fjölbýlishús með 51 íbúð með opnum svalagangi ásamt frístæðum hjóla- og sorpgeymslum fyrir hvort hús, að mestu úr forsteiptum samlokueiningum, að hluta klædd utan með timburklæðningum og verða nr. 1 og nr. 3 á lóð nr. 1 við Vatnsholt.

Jafnframt er erindi BN057880 dregið til baka. Erindi fylgir útreikningur á varmatapi dags. 30. janúar 2021 og hljóðvistarskýrsla frá Hljóðtæknilausnir, útáfa 5, dags. 7. desember 2020. Stærð, mhl. 01, A+B-rými: 2.046,9 ferm., 5.931,7 rúmm. Mhl. 02, A+B-rými: 2.275,3 ferm., 6.570,9 rúmm. Mhl. 03: 70,6 ferm., 190,4 rúmm. Mhl. 04: 56,5 ferm., 159,7 rúmm. Samtals A+B-rými: 4.449,3 ferm., 12.852,7 rúmm. Gjald kr. 12.100

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

35. **Öskjuhlíð, Hjallastefnan, greining á** (01.76) Mál nr. SN210143
staðarvali fyrir skólabyggingar Skjalnr. 7324

Lagt fram minnisblað Teiknistofunnar Traðar dags. 11. febrúar 2021 afstöðumynd dags. 12. febrúar 2021 vegna greiningar á staðarvali fyrir skólabyggingar á vegum Hjallastefnunnar í Öskjuhlíð.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

36. **Bakkastaðir 43, (fsp) sólskáli** (02.421.1) Mál nr. SN210064
Skjalnr. 14405

Sigurður Snædal Júlíusson, Bakkastaðir 43, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Snædals Júlíussonar dags. 24. janúar 2021 um að setja sólskála við húsið á lóð nr. 43 við Bakkastaði. Einnig er lögð fram ljósmynd þar sem teiknuð er inn fyrirhuguð stækkun. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

37. **Barðastaðir 83, (fsp) aukið byggingarmagn** (02.404.2) Mál nr. SN210039
Skjalnr. 14401

Svava Björk Hjaltalín Jónsd., Hlíðarás 41, 221 Hafnarfjörður

María Guðjónsdóttir, Barðastaðir 83, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Svövu Bjarkar Hjaltalín Jónsdóttir dags. 15. janúar 2021 um að fara tæpa 4 m² út fyrir samþykktu skipulagsskilmála lóðarinnar nr. 83 við Barðastaði sem eru 250 m² í samþykktu deiliskipulagi, samkvæmt tillögu Svövu Jóns arkitektúr og ráðgjöf.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

38. **Gjúkabryggja 4, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.223) Mál nr. SN210077
Skjalnr. 14411

FA40 ehf., Höfðabakka 3, 110 Reykjavík

M11 teiknistofa ehf., Blönduhlíð 6, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Hugrúnar Þorsteinsdóttur dags. 27. janúar 2021 um breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 4 við Gjúkabryggju (reitur D) sem felst í fjölgun íbúða, fjölgun bílastæða í kjallara, dýpkun byggingarreits úr 15 m í 16,5 m og að lengja 4. hæð á byggingu norðan megin á reit, samkvæmt uppdr. M11 teiknistofu dags. 26. janúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

39. **Grjótháls 1-3, breyting á deiliskipulagi** (04.302.4) Mál nr. SN210047
Skjalnr. 6374

T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lögð fram umsókn T. ark Arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2021 ásamt bréfi dags. 18. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir dreifistöð sem liggur að vestari lóðamörkum að Grjóthálsi 5, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 15. janúar 2021. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa að Grjóthálsi 5 mótt. 18. febrúar 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

40. **Hamrahlíð 21-25, (fsp) smáhýsi** (01.715.2) Mál nr. SN210082
Skjalnr. 13721

Eiður Aron Arnarson, Hamrahlíð 25, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Eiðs Arons Arnarsonar dags. 31. janúar 2021 um að setja tvö smáhýsi á lóð með landnúmerinu 107276 og staðsett er fyrir aftan lóðina nr. 21-25 við Hamrahlíð. Einnig er lögð fram tillaga að staðsetningu og ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

41. **Lækjargata 12, (fsp) þaksvallir** (01.141.2) Mál nr. SN210086
Skjalnr. 6699

Björn Skaptason, Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Björns Skaptasonar dags. 1. febrúar 2021 ásamt bréfi dags. 28. janúar 2021 um að gera þaksvalir á 4. hæð hússins á lóð nr. 12 við Lækjargötu í byggingarhluta að Vonarstræti, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

42. **Urðarbrunnur 2-8 og 10-12, skipulag lóða** (05.056.2) Mál nr. SN200771
Skjalnr. 11975

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. desember 2020 var lagt fram bréf Ársæls Aðalsteinssonar og Sigrúnar Eddu Erlendsdóttur dags. 13. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg skoði skipulagsferli lóðanna Urðarbrunnur 2-8 og Urðarbrunnur 10-12, nánar tiltekið samtengingu lóða og afleiðingar af breyttu deiliskipulagi sem samþykkt var í Borgarráði 2017. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

43. **Kjalarnes, Prestshús, (fsp) nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN210108
Skjalnr. 10165

Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 8. febrúar 2021 um að gera nýtt deiliskipulag fyrir landið Prestshús á Kjalarnesi sem felst í að heimilt verði að gera íbúðarhús/frístundahús með vinnuáðstöðu á landinu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

44. **Súðarvogur 2E-F, (fsp) breyting á notkun** (01.450.2) Mál nr. SN210114
Skjalnr. 13656

Þorleifur Eggertsson, Öldugrandi 3, 107 Reykjavík
Reitir - þróun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Þorleifs Eggertssonar dags. 10. febrúar 2021 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 2E-F við Súðarvog úr vöru- og verslunarhúsnæði í verslunar- og þjónustukjarna. Einnig er lagt fram bréf Reita fasteignafélags hf. dags. 9. febrúar 2021.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

45. **Rofabær 7-9, breyting á hverfisskipulagi** (04.334.3) Mál nr. SN200703
Skjalnr. 5962

Árbæjar skilmálaeiningu 7-2-4

Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Rofabær 7-9 ehf., Dalþingi 12, 203 Kópavogur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 13. nóvember 2020 varðandi breytingu á hverfisskipulagi fyrir Árbæ skilmálaeiningu 7-2-4 vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Rofabæ. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar ásamt því að uppskipting kjallara í bílakjallara og önnur rými er tekin út og texti um spennistöðvar við nýbyggingu er tekinn út, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 12. nóvember 2020. Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2021 til og með 16. febrúar 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Veitur ohf. dags. 16. febrúar 2021.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

46. **Rökkvatjörn 5-11, (fsp) raðhús á tveimur** (05.051.4) Mál nr. SN210105
Skjalnr. 14361

hæðum með innbyggða bílgeymslu
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Jóns Magnúsar Halldórssonar dags. 2. febrúar 2021 um að gera raðhús á tveimur hæðum á lóð nr. 5-11 við Rökkvatjörn með innbyggðum bílgeymslum, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 2. febrúar 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 samþykkt.

47. **Silfratjörn 6-12, (fsp) breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210091
Skjalnr.

Sveinbjörn Sigurðsson, Góðakur 5, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Sveinbjörns Sigurðssonar dags. 2. febrúar 2021 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 6-12 við Silfratjörn sem felst í að bílastæði lóðarinnar verði fyrir framan bílaskúra húsanna. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.

48. **Seltjarnarnes, tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 - leikskóli**

(01.51)

Mál nr. SN210062
Skjalnr. 5318

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. janúar 2021 var lagt fram erindi Seltjarnarnesbæjar, dags. 22. janúar 2021 þar sem kynnt er tillaga á vinnslustigi dags. 26. nóvember 2020 um breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033, vegna byggingar leikskóla við Suðurströnd. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 18. febrúar 2021.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 18. febrúar 2021 samþykkt.

49. **Seltjarnarnes, tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 - Búsetukjarni fyrir fatlaða við Kirkjubraut**

(01.51)

Mál nr. SN210089
Skjalnr. 5318

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lagt fram erindi Seltjarnarnesbæjar, dags. 1. febrúar 2021 vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033, dags. 2. nóvember 2020, í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar stækkun á íbúðarsvæði ÍB-1 vegna nýrrar lóðar fyrir búsetukjarna fatlaðra við Kirkjubraut. Frestur til að skila inn umsögn ert til 21. mars 2021. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 18. febrúar 2021.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 18. febrúar 2021 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:55.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir